



Íþróttafélagið
Fylkir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík 29. nóvember 2021

Efni: Umsögn um drög að stefnu um rafíþróttir/rafleiki

Íþróttafélagið Fylkir tekur undir mikilvægi þess að setja heildstæða stefnu um rafíþróttir og býður fram aðstoð í þeim málum sé þess óskað en félagið hefur staðið fyrir starfsemi í rafíþróttum fyrir börn, unglings og fullorðna í rúmlega þrjú ár. Á þeim tíma hafa nokkur hundruð börn og unglings tekið þátt í skipulögðu starfi þar sem lögð hefur verið áhersla á að blanda saman hreyfingu, fræðslu og kennslu í tölvuleikjum. Áætla má að í kringum helmingur af þeim sem hafa tekið þátt hafi ekki verið virkir þátttakendur í öðru íþróttu- og félagsstarfi sem styrkir mikilvægi þess að bjóða upp á þessa starfsemi. Á þessum tíma sem liðinn er hefur þessi starfsemi sannað gildið sitt og mikilvægi. Bæði fyrir þá einstaklinga sem tekið hafa þátt og samfélagið í heild sinni.


Við leggjum áherslu á að orðið rafíþróttir verði notað í þessu samhengi en ekki rafleikir. Við teljum að þessari starfsemi sé best háttað innan íþróttafélaga þar sem umhverfið er viðurkennt og öruggt. Þess vegna er mjög mikilvægt að talað sé um íþrótt en ekki leik svo þau börn sem taki þátt í starfinu upplifi sig sem hluta af íþróttafélaginu. Erlendis er talað um E-sport sem þýtt er á íslensku sem rafíþrótt.

50. Þing ÍBR sem haldið var 2. október 2021, samþykkti að rafíþróttir verði teknar undir hatt ÍBR og starfi innan végbanda þess líkt og aðrar greinar innan bandalagsins.

Því til stuðnings þá samþykkti 75. Íþróttapíng ÍSÍ sem haldið var 9. október 2021 að innan íþróttahreyfingarinnar verði hugtakið rafíþróttir eingöngu notað um rafræna íþróttaleiki, bæði sýndaríþróttaleiki (hermileiki) og aðra íþróttaleiki sem byggja á viðurkenndum íþróttagreinum innan íþróttahreyfingarinnar.

Svo viljum við koma því á framfæri að mikilvægt sé að tala um öll kyn en ekki bara stráka og stelpur.

Að lokum viljum við áréttu að Íþróttafélagið Fylkir er boðið og búið að aðstoða við mótmotun stefnunnar.


Björn Gíslason, formaður Fylkis


Hörður Guðjónsson, framkvæmdastjóri Fylkis